



Jarðhitafélag Íslands

Fundargerð 88. stjórnarfundar Jarðhitafélags Íslands mánudaginn 22. mars 2010 kl. 15:00, í húsaááynnum Verkís.

Mætt: Auður Andrésdóttir, Ásgeir Margeirsson, formaður, Gústaf Adolf Skúlason, Jónas M. Matthíasson, Ólafur G. Flóvenz og Ragna Karlsdóttir. Forföll boðuð: Bjarni Pálsson.

1. Fundargerð síðasta fundar. Fyrirliggjandi drög samþykkt.

2. Aðalfundur JHFÍ 2010.

Aðal- og vorfund JHFÍ ber upp á 10 ára afmæli félagsins í vor og verður hann haldinn, ásamt vorfundi, í Víðgelmi, Grensásvegi, miðvikudaginn 14. apríl kl. 13.30. Rætt var um kjör í embætti, félagsgjöld, innheimtu o.fl. Eftirfarandi kom fram / var ákveðið / var sett í ferli:

- Auður, Bjarni og Ólafur voru öll kjörin í stjórn til tveggja ára á aðalfundi 2008. Auður og Ólafur hyggjast ekki gefa kost á sér til áframhaldandi stjórnarsetu, en Bjarni gefur kost á sér áfram.
- Ásgeir er ekki gjaldgengur til áframhaldandi formennsku skv. samþykktum félagsins, eftir fjögur ár í formennsku, en hann hyggst gefa kost á sér í stjórn.
- Ákveðið að gera tillögu um að Kristján Sæmundsson verði kjörinn heiðursfélagi. Ragna athugar með heiðursskjal, en Ingvar Birgir geymir nokkur slík.
- Samþykkt að í tilefni af 10 ára afmæli félagsins muni stjórn þess veita 3 styrki, einn á ári, til íslensks doktorsnema í jarðvísindum eða verkfræði, til að sækja alþjóðlega jarðhitaráðstefnu á borð við GRC. Styrkurinn komi á móti kostnaði og geti numið allt að kr. 350 þúsund. Ragna útfærir nánar.
- Jónas útfærir eyðublað þar sem þátttakendur á aðalfundi skrái nafn, heimilisfang, kennitölu og virkt netfang, auk upplýsinga um hvort viðkomandi sé með heimabanka, til að auðvelda viðhald félagatals, og sem mun nýtast til að taka upp aðrar innheimtuaðferðir félagsgjalda.
- Stjórnin mun gera tillögu um óbreytt félagsgjöld fyrir fyrirtæki og stofnanir, kr. 25.000, en að gjaldið fyrir einstaklinga verði hækkað úr kr. 2.500 í kr. 3.000, og að hætt verði að innheimta félagsgjöld af eftirlaunaþegum, sem nú greiða kr. 500.
- Ársreikningur 2009 og fjárhagsáætlun fyrir árið 2010 voru lögð fram af gjaldkera, Jónasi, og samþykkt, með breytingum í fjárhagsáætlun v. afmælisstyrks og breyttra félagsgjalda.

3. Vorfundur JHFÍ 2010

Fundurinn verður haldinn í kjölfar aðalfundarins, kl. 14:30. Drög að dagskrá voru til umræðu og mun Ásgeir uppfæra skjalið.

4. Önnur mál.

- Tillögu Bjarna Pálssonar um að félagið komi á fót orðanefnd var vísað til nýrrar stjórnar.

Fundi slitið kl. 15:50. Gústaf Adolf Skúlason, fundarritari
